



9. landsfundur Kvennalistans
haldinn 15-17 nóvember 1991 á Seltjarnarnesi.

Fundurinn hófst með forspili á föstudagskvöld, þar sem áherslan var fremur á menningarleg málefni en stjórnsmál. Katrín Pálsdóttir setti fundinn og stjórnaði dagskránni sem hófst með söng og pianóleik frömdum af þeim Sveinbjörnu Vilhjálmsdóttur og Wilmu Jong. Síðan hélt Helga Kress erindi sem hún kallaði "Máttkar meyjar" og fjallaði um viðskipti karla og tröllkvenna til forna. Að lokum ræddi Málmfríður Sigurðardóttir um bókmenntaarf kvenna og gaf okkur gott veganesti á landsfundinn.

Laugardagur 16 nóvember.

1. Ragnhildur Eggertsdóttir setti fundinn og kynnti dagskrána fyrir hönd undirbúningsnefndar en í henni voru Bryndís Guðmundsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Dóra Hlín Ingólfssdóttir, Katrín Pálsdóttir og Edda Kristín Karlsdóttir.

Fundarstjórar voru tilnefndar þær Ragnhildur Eggertsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir og fundaritarar Guðrún Jóhannsdóttir og Sigrún Jónsdóttir.

2. Kristín A. Árnadóttir kynnti helstu atriði úr skýrslu framkvæmdaráðs starfsárið 1990-1991 (fylgiskjal A) og skýrði reikninga listans fyrir tímabilið 1. okt. 1990 til 30. sept. 1991. Jóhanna Eyjólfssdóttir endurskoðandi sagði bókhaldið ekki í eins góðu lagi og vonir hefðu staðið til. Endanlegt uppgjör lá ekki fyrir og var farið fram á samþykkt Landsfundar til að heimila framkvæmdaráði að samþykkja endanlega reikninga. Nokkrar umræður urðu um útgáfu fréttabréfs og félagsgjöld kvennalistakvenna. Ingibjörg Sólrun lagði til að fréttabréfinu yrði áfram dreift endurgjaldslaust vegna þess áróðursgildis sem það hefði, en hugsanlega væri hægt að fara fram á að konur legðu fram frjáls framlög til að standa undir hluta kostnaðar vegna útgáfu þess. Hún lagði enn fremur til að félagsgjöld yrðu samræmd fyrir samtökin á landsvísu, hluti þeirra rynni til heildarsamtakanna (t.d. 30%) en restin yrði eftir heima í héraði og stæði straum af rekstri angana. Í þessum umræðum kom einnig fram að sumum fannst félagsgjöld greidd Kvennalista vera of lág.

3. Kristín Halldórsdóttir fór fram á það fyrir hönd framkvæmdaráðs að Landsfundur samþykkti að angasjóður yrði notaður til þess að reka

Kvennalistann þessa síðustu mánuði ársins. Að öðrum kosti yrði að taka enn hærri bankalán til þess að standa straum af rekstrinum fram á næsta fjárlagaár. Hún hafði sent formlegt bréf þessa efnis til allra anga fyrir landsfund (fylgiskjal c).

Um þetta urðu tölverðar umræður og niðurstaðan varð sú að beiðninni yrði vísað til vinnuhóps sem í sætu fulltrúar allra anga. Hópurinn myndi skila niðurstöðu á landsfundinum.

4. Kristín Halldórsdóttir flutti erindi sem hún kallaði "Um hvað snúast stjórnmál?" (fylgiskjal E). Þar minnti hún okkur á að bótt hugmyndir okkar um stjórnmál ættu ekki alltaf upp á pallborðið hjá körlunum og beir héldu því jafnvel fram að málflutningur okkar ætti ekkert skylt við stjórnmál, þá snýst hann engu að síður um það sem mestu máli skiptir, þ.e. andlega og líkamlega velferð einstaklinganna í þessu þjóðfélagi.

5. Lára Björnsdóttir félagsréðgjafi flutti erindi sem hún nefndi "Af hverju skiptir velferðarkerfið konur svona miklu máli". (Fylgiskjal F). Þar bendir hún á að konur gegni yfirleitt lykilhlutverki innan fjölskyldunnar. Þær vita hverjar þarfir fjölskyldumeðlima eru, og hvernig er hægt að uppfylla þessar þarfir með aðstoð velferðarkerfisins. Velferðarkerfið léttir oft byrðum af herðum kvenna, en jafnframt setur það konur í þá stöðu að vera einhverskonar viðhengi karla. Lára bendir einnig á í erindi sínu að þarfir karla og kvenna þurfi ekki endilega að fara saman innan fjölskyldunnar og að það sé skylda þeirra sem vinna innan velferðarkerfisins að ganga fyrst og fremst út frá þörfum kvenna þegar aðstoð er veitt, ekki út frá hefðbundum hugmyndum um stöðu kvenna innan samfélagsins.

Að loknu erindi Láru urðu nokkrar umræður þar sem konur skiptust á skoðunum um þessi máli.

HÁDEGISVERÐARHLÉ. - Flestar fundarkonur fóru í gönguferð um Nesið í fylgd Margrétar Jónsdóttur íþróttakennara, en undir hádegisverði var hlýtt á erindi Unnar Dísar Skaptadóttur mannfræðings, sem hún kallaði "sögulegar breytingar á fjölskyldugerð og kynhlutverkum" (fylgiskjal g)

Umræðan um velferðarkerfið hélt áfram eftir hádegisverð og nú tóku til máls fimm konur, þingkona kvennalistans í Reykjavík og fjórar ungar konur komu með innlegg um velferðarkerfið og þau vandamál sem helst brenna á ungum konum.

6. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutti erindi sem hún nefndi "Velferðarkerfi karla fyrir konur". (fylgiskjal H). Þar fjallaði hún m.a.

um uppbyggingu velferðarkerfisins á Íslandi, hvernig það var á sínum tíma fyrst og fremst hugsað út frá kjarnafjölskyldunni og hvaða breytingar hafa orðið á því á síðustu árum í kjölfar aukinnar atvinnupátttöku kvenna. Einnig fjallaði hún um hugmyndir núverandi ríkisstjórnar um breytingar á velferðarkerfinu og hvernig verði að sveigja velferðarkerfið meira að þörfum kvenna.

7. Anna Kristín Ólafsdóttir flutti erindi sem fjallaði um stöðu kvenna sem mæðra, eiginkvenna, húsmæðra, vinnuafls. (fylgiskjal I)

8. Unnur Karlsdóttir flutti ræðu sem hún kallaði "Konur sem umsækjendur á vinnumarkaði", þar sem hún fjallaði um ójafna stöðu kynjana á vinnumarkaðinum, einkum eftir að konur væru orðnar mæður (fylgiskjal J).

9. Dagmar Sigurðardóttir tók síðan til máls og gerði að umtalsefni hve illa væri búið að börnum í samfélaginu, um nauðsyn þess að styttu vinnutímann og gera hann sveigjanlegri svo foreldar geti notið meira samvista við börnin sín (fylgiskjal K)

10. Eyrún Ingadóttir tók að síðustu til máls og talaði um ímynd Kvennalistans, um starf ungliðahreyfingarinnar sem sprottið hefur upp innan listans á síðustu mánuðum, um endurnýjun krafta og fleira. (fylgiskjal L).

Á eftir öllum þessum erindum voru fjörugar umræður. Einnig voru kynnt og rædd drög að ályktunum og nokkrar konur settar í hóp til þess að samræma þær. Síðan fóru konur að tygja sig til sameiginlegs kvöldverðar sem haldinn var á staðnum. Þær Reykjaneskonur viðhöfðu gamanmál undir borðhaldinu, einnig var sungið og sagðar sögur. Samkvæminu lauk á mjög kristilegum tíma, enda hafði dagurinn verið langur og strangur.